



Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS)
Borgartúni 21
105 Reykjavík

11. júní 2026
202605-0071/A.B.

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum – Matskyldufyrirspurn – Merkurnáma - Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS).

Vísað er í erindi Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar, dags. 20. maí 2026, þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar vegna tilkynningar til ákvörðunar um matsskyldu vegna aukinnar efnistöku úr Merkurnámu í landi Galtalækjar í Landssveit í Rangárþingi ytra.

Framkvæmdarlýsing

Í greinargerð kemur fram að Merkurnáma sé í landi Galtalækjar 2, vestan Landvegar, á svæði sem lengi hefur verið nýtt til efnistöku. Náman er storkubergsnáma og er efni losað með gröfum en einnig sprengt úr hrauninu. Eftir atvikum fer fram frekari vinnsla efnis, svo sem hörpun eða mulningur, en ekki er gert ráð fyrir samfelldri vinnslu eða varanlegum tækjum og byggingum innan námusvæðisins.

Fram kemur að efnistaka hafi þegar farið fram umfram gildandi aðalskipulags, bæði hvað varðar flatarmál og efnismagn. Í greinargerð segir að flugmælingar bendi til þess að þegar hafi verið tekið um 215.000 m³ efnis af um 9 ha svæði, með talsverðri óvissu þar sem ekki hafi legið fyrir innmæling á óhreyfðu yfirborði.

Gert er ráð fyrir að náman verði nýtt í að minnsta kosti 15 ár og að efni verði m.a. nýtt til vegagerðar og annarrar uppbyggingar í Landssveit, efri hluta Rangárvalla og á neðri hluta virkjanasvæða Landsvirkjunar. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra, þar sem efnistökusvæði E57 verði stækkað í 13,9 ha og heimilt efnismagn aukið í 450.000 m³.

Vistgerðir, gróður og uppgræðsla

Í greinargerð kemur fram að á framkvæmdasvæðinu séu einkum vistgerðirnar sanda- og vikravist og alaskalúpína samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þá kemur fram að svæðið sé þegar að hluta raskað og innan Hekluskögaverkefnisins þar sem unnið sé að uppgræðslu og endurheimt birkiskóga.

Afstaða Náttúruverndarstofnunar: Óveruleg til nokkuð neikvæð áhrif.

Náttúruverndarstofnun tekur undir að vistgerðir innan framkvæmdasvæðisins hafi almennt lágt verndargildi og njóti hvorki sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd né verndar samkvæmt alþjóðlegum samningum. Áhrif framkvæmdarinnar á vistgerðir eru því að mestu staðbundin og bundin við þegar raskað svæði.

Stofnunin bendir þó á mikilvægi þess að frágangur og uppgræðsla taki mið af markmiðum Heklusógaverkefnisins og að gengið verði frá svæðinu jafnóðum og vinnslu lýkur á hverjum áfanga. Náttúruverndarstofnun telur að áhrif þessara þátta sé óveruleg til nokkuð neikvæð.

Fuglalíf

Í greinargerð kemur fram að ekki hafi verið gerð sérstök úttekt á fuglalífi vegna framkvæmdarinnar, heldur sé mat byggt á almennum upplýsingum um vistgerðir og staðsetningu svæðisins. Náttúruverndarstofnun telur að líklegt sé að fuglalíf á svæðinu sé fremur fábreytt í ljósi þess að um er að ræða sandorpið og að hluta raskað hraunsvæði með vistgerðum sem hafa almennt lágt verndargildi. Ekki er þó unnt að útiloka að ábyrgðartegundir mófugla nýti svæðið eða nærliggjandi svæði að einhverju marki á varptíma. Áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf eru því að mati stofnunarinnar líklega staðbundin og takmörkuð, en ákveðin óvissa er til staðar þar sem ekki liggur fyrir vettvangsúttekt á fuglalífi.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga og jarðmyndanir

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdasvæðið sé í yngri hluta Þjórsárhrauna sem runnið hafi fyrir um 8.000–9.000 árum og að hraunið sé sandorpið og raskað að hluta. Þá kemur fram það mat framkvæmdaraðila að hraunið innan svæðisins hafi að mestu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem hraunvistgerðar eða jarðmyndunar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun bendir á að framkvæmdin felur engu að síður í sér umfangsmikla og varanlega efnistöku úr nútímahrauni. Þótt hlutar hraunsins séu sandorpnir og raskaðir liggur ekki fyrir nákvæm afmörkun á því hvaða hlutar svæðisins hafi í raun tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi hraunsins samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Stofnunin telur jákvætt að áfram sé gert ráð fyrir nýtingu þegar raskaðs efnistökusvæðis fremur en að opna ný svæði til efnistöku. Hins vegar telur stofnunin að áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir verði ekki metin óveruleg í ljósi umfangs framkvæmdarinnar, varanlegra breytinga á landformi og þess að um efnistöku í hrauni er að ræða.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er því ákveðin óvissa enn til staðar um verndargildi hluta framkvæmdasvæðisins og þörf á skýrari rökstuðningi og afmörkun í greinargerð varðandi stöðu hraunsins gagnvart 61. gr. náttúruverndarlaga.

Landslag og ásynd

Í greinargerð kemur fram að áhrif efnistökkunnar á landslag og ásýnd séu talsverð þegar svæðið sé skoðað úr lofti, en minni frá Landvegi þar sem náman sé staðsett ofan hraunbrúnar og lítt sýnileg frá helstu sjónarhornum á jörðu niðri. Þá kemur jafnframt fram að heildaráhrif á landslag séu metin veruleg og óafturkræf vegna varanlegra breytinga á landformi.

Náttúruverndarstofnun tekur undir að framkvæmdin felur í sér varanlega breytingu á landformi. Um er að ræða verulega stækkun efnistökusvæðis, úr 2 ha í um 14 ha, og umfangsmikla efnistöku úr hraunlandslagi sem mun setja varanleg ummerki á svæðið þótt sjónræn áhrif frá Landvegi kunni að vera takmörkuð.

Stofnunin bendir á að samkvæmt 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skal við hönnun mannvirkja og skipulag framkvæmda tekið mið af landslagi, heildarsvipmóti lands og náttúrufari þannig að sjónræn áhrif séu lágörkuð og sérkenni lands njóti sín eftir fremsta megni. Þá hefur Ísland einnig skuldbundið sig samkvæmt Evrópska landslagssamningnum til að viðurkenna landslag sem mikilvægan þátt í umhverfi og lífsgæðum almennings og stuðla að vernd, stjórnun og skipulagningu landslags.

Náttúruverndarstofnun telur jákvætt að áfram sé gert ráð fyrir nýtingu þegar raskaðs svæðis fremur en opnun nýrra efnistökusvæða og að fyrirhugaður frágangur taki mið af aðliggjandi landslagi og markmiðum Hekluskága. Að mati stofnunarinnar breytir það þó ekki þeirri niðurstöðu að áhrif á landslag og landform verði talsverð og að hluta óafturkræf.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að skýr áfangaskipt frágangsáætlun verði hluti af framkvæmdaleyfi, þar sem gerð verði grein fyrir landmótun, hallamyndun, uppgræðslu, framvindu frágangs og vöktun árangurs.

Ryk, hávaði og umferð

Í greinargerð kemur fram að áhrif vegna ryks og hávaða séu talin óveruleg, takmörkuð og tímabundin og að áhrif á umferð verði óveruleg. Þá kemur fram að unnt sé að grípa til mótvægisáðgerða, svo sem vökvunar vinnslusvæða og flutningsleiða, hraðatakmarkana og aðlögunar vinnslu að veðurskilyrðum.

Náttúruverndarstofnun telur að áhrif ryks, hávaða og aukinnar umferðar verði fyrst og fremst staðbundin og bundin við framkvæmdatíma, en að áhrifin geti engu að síður orðið nokkuð neikvæð fyrir lífríki og náttúrufar í næsta nágrenni framkvæmdasvæðisins. Um er að ræða langvarandi starfsemi með sprengingum, efnisvinnslu, akstri vinnuvéla og þungaflutningum yfir allt að 15 ára tímabil.

Stofnunin bendir á að fok getur haft áhrif á gróðurþekju og framvindu vegna uppgræðslu innan Hekluskágaverkefnisins, einkum á þurrum og vindasömum tímabilum. Þá getur viðvarandi hávaði og umferð raskað búsvæðum fugla og annarra lífvera á svæðinu, sérstaklega á varptíma, þótt ekki liggi fyrir sérstök fuglarannsókn fyrir framkvæmdasvæðið.

Náttúruverndarstofnun telur því mikilvægt að framkvæmdaleyfi og starfsleyfi feli í sér skýr skilyrði um rykvarnir, vöktun, takmörkun vinnu utan dagvinnutíma, hraðatakmarkanir, meðferð sprenginga og viðbrögð ef áhrif á gróður eða lífríki reynast meiri en gert er ráð fyrir.

Samlegðaráhrif

Í greinargerð kemur fram að aukin efnistaka úr Merkurnámu tengist annarri uppbyggingu og efnistöku á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu og að samlegðaráhrif geti komið fram á samgöngur, landslag, ásjúnd, loftgæði, hljóðvist og vistkerfi.

Náttúruverndarstofnun telur að samanlögð áhrif efnistöku, vegaframkvæmda og annarrar uppbyggingar á svæðinu geti orðið meiri en áhrif einstakrar framkvæmdar einnar og haft áhrif á landslag, lífríki og upplifun svæðisins. Að mati stofnunarinnar er umfjöllun um samlegðaráhrif í greinargerð of almenn og óvissa enn til staðar um raunveruleg heildaráhrif framkvæmdarinnar á náttúrufar og landslag svæðisins.

Niðurstaða og afstaða Náttúruverndarstofnunar

Náttúruverndarstofnun telur að fyrirhuguð aukin efnistaka í Merkurnámu geti haft í för með sér nokkuð neikvæð til talsverð neikvæð staðbundin áhrif, einkum vegna umfangs framkvæmdarinnar, varanlegra breytinga á landslagi og mögulegra samlegðaráhrifa með annarri efnistöku og uppbyggingu á svæðinu.

Stofnunin telur jákvætt að nýta áfram þegar raskað efnistökusvæði fremur en að opna ný svæði til efnistöku.

Náttúruverndarstofnun leggur þó áherslu á að áður en framkvæmdaleyfi er veitt þurfi að skýra nánar frágang, áfangaskiptingu, mótvægisaðgerðir, verndargildi hrauns gagnvart 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og hvernig dregið verði úr samlegðaráhrifum, rykmyndun og áhrifum á lífríki.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Skúli Þórðarson

verkefnastjóri

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun

Borgartún 21
105 Reykjavík

**Umsögn Vegagerðarinnar vegna aukinnar efnistöku í Merkurnámu**

Tilvísun: Mál nr. 604/2026

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar fyrirspurn um matsskyldu vegna fyrirhugaðrar stækkunar á efnistökusvæði í Merkurnámu í Landssveit, dags. 14. maí 2026. Umsögn þessi er unnin á grundvelli 20. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, með hliðsjón af hlutverki Vegagerðarinnar að stuðla að öruggum, sjálfbærum og greiðum samgöngum.

Samkvæmt fyrirspurninni stendur til að auka efnistöku úr Merkurnámu í Landssveit, Rangárþingi ytra, með stækkun á núverandi efnistökusvæði úr 2 ha í 14 ha. Áætlað er að nú þegar hafi verið unnin 200.000 m³ og auka heildarefnistökmagni í allt að 450.000 m³.

Umsögn Vegagerðarinnar

Aðkoma að svæðinu er um Landveg (26-04) en hann er skilgreindur sem tengivegur ekki stofnvegur eins og fram kemur í fyrirspurninni (bls. 6), í flokki C7. Vegagerðin vekur athygli á því að leyfileg þungaumferð um slíka vegi eru að meðaltali fimm þung ökutæki á sólarhring samkvæmt Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar.

Vegagerðin ítrekar mikilvægi samráðs vegna flutninga um vegakerfið og bendir á að til viðbótar við samráð og leyfi vegna þunga og stórra flutninga þarf leyfi Vegagerðarinnar fyrir öllum tengingum við þjóðvegi sem og fyrir öllum framkvæmdum og mannvirkjum innan veghelgunarsvæðis. Á Landvegi, norðan við framkvæmdasvæðið er einbreið brú og önnur á Þingskálavegi (268-03) til suðaustur. Minnst fjórar einbreiðar brýr eru í næsta nágrenni svæðisins þar sem þungatakmörkanir eru í gildi. Sækja þarf um undanþágu frá Samgöngustofu vegna þungaflutninga á vegum og brúm þar sem sett eru mörk á leyfilegan öxulþunga og heildarflutninga á sólarhring. Vegagerðin leggur einnig áherslu á mikilvægi þess að farmur sé tryggður áður en ekið er inn á þjóðvegi.

Síða 1/2

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Anna Margrét Sigurbergsdóttir

Undirskrift

Síða 2/2

Vegagerðin

Vegna: Máls nr. 0604/2026, Merkurnáma, aukin efnistaka (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Undirritaður hefur kynnt sér fyrirbyggjandi greinargerð. Engar þekktar minjar eru á framkvæmdasvæðinu, sem nú þegar er mjög raskað. Ef fornleifar finnast óvænt við framkvæmd verks ber að stöðva framkvæmdir og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2026. Minjastofnun hefur ekki frekari athugasemdir við framkvæmdina.

f.h. Minjastofnunar Íslands,
Þór Ingólfsson Hjaltalín

Höfundur: Þór Ingólfsson Hjaltalín

Sent inn þann: 11.06.2026 , **Fyrir hönd:** Minjastofnun Íslands



Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun

Jón Smári Jónsson

Borgartúni 21

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 11. júní 2026

Málsnúmer: 202605-0038

IAS

Efni: Merkurnáma, aukin efnistaka. Matsskyldufyrirspurn.

Vísað er til erindis Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar frá 14. maí 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matskyldu aukinnar efnistöku ú Merkurnámu.

Fyrirhuguð er aukin efnistaka úr Merkurnámu í landi Galtalækjar í Landssveit í Rangárþingi ytra, úr 2 ha í um 14 ha og auka heildar efnistökumagn upp í allt að 450.000 m³. Náman er storkubergsnáma. Efni er losað með gröfum en einnig sprengt upp úr hrauninu. Eftir atvikum er efni tekið til frekari vinnslu s.s. hörpunnar eða mulnings en ekki er um samfelda vinnslu að ræða og engin tæki/byggingar verða til lengri tíma innan námusvæðis. Náman er í notkun og stefnt er að nýta hana til a.m.k næstu 15 ára.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsskyldufyrirspurnina og kemur vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Náman er utan friðaðra svæða og svæða á náttúruminjaskrá en í námunda við Ytri-Ranga sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár vegna ferskvatnsvistgerða. Tryggja þarf að ryk berist ekki frá námuni í Ytri-Ranga.

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru eyðihraunavist með lágt verndargildi og lúpína ríkjandi á svæðinu. Fuglalíf hefur ekki verið skoðað en gert er ráð fyrir að það sé fáskrúðugt en að áhrif á fuglalíf verði nokkuð neikvæð. Náman er á nútímahrauni sem nýtur verndar samkvæmt 61. grein laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013). Hraunið hefur að einhverju leyti misst sérkenni sín þar sem það er nokkuð sandorpið en þó má enn sjá á loftmyndum af svæðinu að um nútímahraun er að ræða og að aukin efnistaka mun hafa neikvæð áhrif á hraunið.

Náman er sögð vera 2 ha og er fyrirhuguð að stækka hana í 14 ha. Það kemur hins vegar fram í matsskyldufyrirspurninni að núverandi rask er á um 9 ha svæði sem er talsvert umfram núverandi leyfi.

Náttúrufræðistofnun telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og umhverfisáhrifum og ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson,
jarðfræðingur



Austurvegur 65a - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun

Borgartúni 21
105 Reykjavík

Selfossi, 11. júní 2026
2605077HS RS

Efni: Merkurnáma, aukin efnistaka - umsögn um tilkynningu um framkvæmd

Þann 14. maí sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna aukinnar efnistöku í Merkurnámu E57 í Rangárþingi ytra.

Fyrirhugað er að stækka núverandi efnistökusvæði E57 Merkurnámu í Rangárþingi ytra úr 2 ha í 13,9 ha og auka heildarefnistökumagn í 450.000 m³, en áætlað er að nú þegar hafi um 200.000 m³ af efni verið unnið úr námunni. Með efnistökunni á að styðja við framkvæmdir á Tungna- og Þjórsársvæðinu m.a. til vegagerðar og annarrar uppbyggingar á svæðinu. Gert er ráð fyrir að nýta námuna til næstu 15 ára. Efni er losað með gröfum eða sprengt upp úr hrauninu og getur, eftir atvikum, verið harpað eða mulið á svæðinu. Efni verður geymt í námunni sem efniskaupendur hafa heimild til að sækja í eftir þörfum. Svæðið er staðsett skammt frá grannsvæði vatnsverndar.

Við mat á helstu umhverfisáhrifum framvæmdarinnar voru athuguð áhrif hennar á umhverfisþættina vistgerðir, fugla, jarðmyndanir, fornminjar ásýnd og landslag, samgöngur og umferð, vatnshlot og vatnalíf, og samlegðaráhrif. Að teknu tilliti til grunnástands, viðmiða, mögulegra umhverfisáhrifa og mótvægisáðgerða voru áhrif framvæmdarinnar talin óveruleg á vistgerðir, jarðmyndanir, fornminjar, samgöngur og umferð, vatnshlot og vatnalíf, nokkuð neikvæð eða óveruleg á fugla, neikvæð á ásýnd og landslag, óveruleg, takmörkuð og tímabundin áhrif af ryki og hávaða, og samlegðaráhrif eru bæði metin neikvæð og jákvæð.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir ekki athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á



umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir vinnslu jarðefna starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig veitir embættið starfsleyfi vegna frágang svæðis eftir að framkvæmdum líkur, t.d. fyllingu þar sem hentugur úrgangur sem ekki er spilliefni er nýttur á tæknilegan hátt við landmótun.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Rán Sturlaugsdóttir
heilbrigðisfulltrúi



Rafræn skilríki

Undirritað af: Rán Sturlaugsdóttir

Kennitala: 1304773569

Tími: 11.06.2026 13:23

Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með **OneSign**

Ferill fundarbókana er varða erindið:

Málsnúmer: 2605023
Málsheiti: Galtalækjarnáma merkurnáma fyrirspurn vegna MÁU
Málsaðili: Skipulagsstofnun
Skráð af: Haraldur Birgir Haraldsson
Ábyrgðaraðili: Haraldur Birgir Haraldsson

Fundur: Byggðarráð Rangárpings ytra - 49 (27.5.2026) - Galtalækjarnáma merkurnáma fyrirspurn vegna MÁU

Dags: 27.05.2026

Inngangur: HMS leitar umsagna umsagnaraðila vegna tilkynninga til ákvörðunar um matsskyldu á grundvelli 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 vegna aukinnar efnistöku úr merkurnámu.

Niðurst.: Lagt til að niðurstaða skipulags- og umferðarnefndar verði samþykkt. Samþykkt samhljóða.

Fundur: Skipulags- og umferðarnefnd Rangárpings ytra - 67 (21.5.2026) - Galtalækjarnáma merkurnáma fyrirspurn vegna MÁU

Dags: 21.05.2026

Inngangur: HMS leitar umsagna umsagnaraðila vegna tilkynninga til ákvörðunar um matsskyldu á grundvelli 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 vegna aukinnar efnistöku úr merkurnámu.

Niðurst.: Skipulags- og umferðarnefnd hefur farið yfir efni og innihald greinargerðar framkvæmdaraðila. Nefndin telur að umrædd framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Að mati nefndarinnar er gerð fullnægjandi grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tilkynningin gefur tilefni til.